

SUMARIÐ 2011

Digraneskirkja

Breytt viðvera í sumar

Digraneskirkja er opin í sumar á viðtalstíma prestanna, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga milli kl. 11-13. Hægt er að fá viðtal við prest í annan tíma með því að hringja og fá bókaðan tíma.

Síminn í Digraneskirkju er 554-1620

Messur í sumar

Messað verður í Digraneskirkju kl. 11 í allt sumar nema á Hvítasunnudag (sjá neðar).

Kirkjurnar í Kópavogi, Kópavogskirkja, Digraneskirkja, Hjallakirkja og Lindakirkja eru í samstarfi frá 15. Júní – 15. Ágúst. Það þýðir að sami prestur messar í Digraneskirkju kl. 11 og Kópavogskirkju kl. 11.

Uppstigningardag, kirkjudag aldraðra, fimmtudaginn 2. Júní er guðspjónusta kl. 14 sem sr. Yrsa Þórðardóttir og sr. Íris Kristjánsdóttir annast um. Eftir messuna verður boðið upp á kaffi og kökur í safnaðarsalnum.

Um kvöldið kl. 20 verður fornílamessa þar sem félagar úr bílklúbbum koma á bílum sínum og hafa þá til sýnis á bílplani kirkjunnar. Fornílklúbburinn býður upp á kaffi á eftir guðspjónustunni..

Hvítasunnudag 12. Júní er sameiginlega messa Digraneskirkju og Hjallakirkju. Hún verður haldin í Hjallakirkju kl. 11. Prestar í messunni eru sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Sigfús Kristjánsson.

Gleðilegt sumar
Digraneskirkja



Digraneskirkja

Annar í hvítasunnu, mánudagurinn 13. júní

Mótorhjólameßan er árlegur viðburður þar sem hinir ýmsu mótorhjólaklúbbar ríða fákum sínum í fylkingum til Digraneskirkju.

Sjaldan koma svo mörg vélhjóla saman á einum stað svo almenningi gefst tækifæri á því að skoða fákana og spjalla við ökumenn þeirra.

Messan er ALVÖRU messa, með prédikun og altarisgöngu, svo það er ekkert slegið af í helgihaldinu, þó svo umbúnaðurinn sé sveipaður léttleika og prestarnir (sem verða að vera mótorhjólafólk) eru búnir sama klæðnaði og viðbúið er af vélhjólafólki (hefðbundnum öryggisbúnaði vélhjólamanna). Leður og Goretex er því "viðeigandi" klæðnaður.

Mótorhjólameßan tekur mið af ýmsum hefðum sem skapast hafa í "mótorhjólaiheiminum", bæði hvað varðar tónlist og annað. Hún er því nokkuð "hrá" og gæti farið fyrir brjóstið á þeim sem leitast eftir hefðbundnara helgihaldi. Því er gáfulegra fyrir þau sem leitast eftir hefðbundnu helgihaldi að finna sér messu annars staðar en í mótorhjólmeßunni í Digraneskirkju 😊
Mótorhjólameßan þetta árið (2011) verður með tónlist hljómsveitarinnar U2 sem íslenskir tónlistarmenn munu annast. Kór Ástjarnarkirkju syngur í meßunni.

Allan daginn verður dagskrá á vegum Sober Riders. Það hefst kl. 15 og er tema þessa árs: Hópakstur bifhjólamanna. Fyrirlestur verður kl. 17 í kapellu á neðri hæð Digraneskirkju.

Kerúbar verða með grill og gaman á bílplaninu yfir daginn.

Svo er upplagt að skreppa á Grillhúsið við Sprengisand áður en meßan hefst.

